



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í des. Efni þarf að berast í síðasta lagi 1. des 2020



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú eru jólabækurnar farnar að lenda á bókasafninu. Því er um að gera að kíkja við og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum eða hafa samband.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Fylgjum fyrirmælum yfirvalda varðandi sóttvarnir.

Sjáumst á bókasafninu ☺




Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Nóv2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
354 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember er runninn upp og eflaust styttist í eiginlegan vetur þó hinn formlegi hafi samkvæmt dagatalinu haldið innreið sína. Annars hefur verið afar gott haust veðurfarslega séð og ræktendur ánægðir með sinn hlut þetta árið.

Gott tíðafar hjálpar annars með ýmis verkefni. Klárað hefur verið að endurnýja 3 km af afréttargirðingunni austur frá afréttarhliði en það eru plön um að reyna að halda áfram þeirri vinnu á næsta ári. Það er enn verið að flytja seyru upp í landgræðslugirðingu og seyruverkefnið er enn og aftur að slá Íslandmet í magni. Búið er að taka á móti um 820 tonnum af seyru á Seyrustöðum á þessu ári en í fyrra var magnið um 600 tonn. Nýjir kúnnar hafa bæst í hópinn en við höfum tekið á móti 100 tonnum frá Rangárþingum Eystra og Ytra en það er ánægjulegt að bæta í þann hóp sveitarfélaga sem nýta þessar afurðir í landgræðslu sem áður voru urðaðar.

Annars eru það Covid-19 áhrifin sem trufla bæði daglegt líf og hefur mikil áhrif á samfélagið. Það hafa komið upp smit í sveitarfélaginu en sem betur fer virðist hafa verið hægt að einangra þau þannig að þau hafa ekki leitt til fleiri smita í bili. Þetta er samt ábending til okkar allra að enginn er óhultur og menn eiga að huga að smitvörnum og verja viðkæma hópa. Vil ég óska þeim sem hafa smitast góðs bata.

Þá eru áhrifin á samfélagið þannig að núna er rúmlega 9% atvinnuleysi í sveitarfélaginu og ferðabjónustan öll komin í vetrarhýði. Sveitarfélagið hefur þurft að fara í aðgerðir vegna hertra Covid ráðstafana en leikskólinn Undraland nær að halda starfssemi sinni nær óbreyttri og Flúðaskóli að mestu þó það séu sum fög sem ekki sé hægt að kenna og annað sem tengist hólfskiptingunni. Vonandi stendur þetta stutt yfir en þó má segja að miðað við höfuðborgarsvæðið höfum við notið meira frjálsræðis síðustu vikunnar. Vil ég þakka starfsfólki sveitarfélagsins og sérstaklega skólanna fyrir lausnamiðuð viðhorf í þessu brasi.

Allt hefur þetta líka áhrif á fjárhag sveitarfélagsins en sem betur fer virðast aðgerðir ríkisins vera að skila sér að einhverju leyti sem auðveldar málin, a.m.k. á þessu ári. Þessu tengt höfum við staðið sveitt yfir vinnu við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2021 auk fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022-2024. Sú vinna hefur gengið vel þrátt fyrir þetta óvissuástand og hefur farið fram með hefðbundum hætti í góðri samvinnu með starfsfólki skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins.

Gott er að funda með nefndum og ráðum sveitarfélagsins, bæði til að miðla upplýsingum og þiggja þær, til að skapa góðann grunn fyrir starfssemi sveitarfélagsins á næsta ári.

Við erum að reyna að vera varfærin í áætlunargerðinni, sérstaklega tekjumegin. Það er sem betur fer búið að gera kjarasamninga við alla starfsmenn sveitarfélagsins þannig að það er ekki óvissa um þær forsendur nema ljóst er að þeir þýða verulegan útgjaldarauka á næsta ári. Síðan er auðvitað óvissa um verðlagshorfur o.fl. en ef hagkerfið fer af alvöru af stað á næsta ári ætti þetta að ganga upp. Hins vegar er maður líka með plan B á bak við eyrað ef lítið verður að frétta af blessuðum ferðamönnunum á næsta ári.

Annars er almennt gert ráð fyrir hóflegum hækkunum á gjaldskránni en þó þarf að hugsa til hækkunar í einstökum málaflokkum eins og varðandi blessuð úrgangsmálin. Þó tapið hafi minnkað af málaflokknum þá stefnir hann samt í 11. millj. á árinu 2021. Á móti má segja að lögð sé áhersla á að koma á móts við barnafólk með þróun leikskólans til gjaldfrelsis og almennt eru gjaldskrár sem snerta börn ekki að hækka mikið og sumt ekki neitt.

Það er búið að setja upp helstu plön í framkvæmdum og viðhaldi sem vonandi ganga fjárhagslega upp en eins og fjárfestingin á árinu 2021 er lögð upp nemur hún um 336 millj. Ef það verður niðurstaðan þá verður það eitt stærsta framkvæmdarár síðustu ára. Stór verkefni eru m.a. við gatnagerð og hreinsistöð í Gröf, hringtorgið, Túngötuna að Hellisholtalæk, frágang við félagsheimilið, lagningu á hitaveitu frá Kópavatnsholunni, vatnstank í Berghylsfjalli o.fl. Ef þetta gengur eftir ættum við að vera með býsna góða innviði til að geta þróað atvinnulíf og uppbyggingu í sveitarfélaginu áfram.

Varðandi veituframkvæmdir þá er búið að tengja borholu 09 á Flúðum við kerfið og við göngum bjartsýn inn í veturinn, þannig að hægt sé að anna álagstoppum sem kunna að koma upp. Síðan er komin niðurstaða útboðs í gatnagerð í Gröf þar sem Gröfutækni var lægstbjóðandi og framkvæmdir ættu að geta hafist á þessu ári og vera lokið upp úr miðju næsta ári.

Ef maður horfir út um gluggann þá er gaman að sjá að fyrsta fyrirtækið er að koma sér fyrir að Hrunamannavegi 3. Verið er að græja húsnæði fyrir Almar bakara og það verður ekki dónalegt að geta setið og maulað snúð út á palli og horft út í Lækjargarð.

Það eru síðan aftur breytingar á starfsmannahaldi í félagsmiðstöðinni Zero. Margrét hætti sem forstöðumaður þar sem vinnutíminn gekk illa upp en í stað þess hefur Gunnur Ösp Jónsdóttir verið ráðin til vorsins. Það kemur sér vel að hún er vön að reka dýrargarðinn í Slakka en að öllu gamni slepptu þá er það líka kaldhæðið að nú þarf tímabundið að loka Zero vegna Covid-19. Vil ég þakka Margréti fyrir góða viðkyrningu og býð Gunni velkomna til starfa.

Að lokum þá urðum við fyrir því óláni að flestir bæir frá Bryðjuholti og uppúr dattu út úr ljósleiðarasambandi um daginn. Þó við séum með samning við TRS til að bregðast við svona bilunum þá þurfum við að skerpa á verkferlum ef svona bilanir koma upp um helgar eins og í þessu tilfalli. Ástæða bilunarinnar var sú að mýs eða eitthvað afbrigði af ljósleiðaramús datt í hug að naga sundur ljósleiðarakapalinn í tengiskáp við Bryðjuholt og þurfum við að reyna að koma í veg fyrir að það gerist í framtíðinni. Varðandi frekari ljósleiðaravæðingu þá er verið að byrja að blása ljósleiðaranum um Flúðir og nú eiga þeir sem skráðu sig sem notendur von á að Hrunaljós sendi út reikninga á næstu dögum fyrir tengigjöldunum.

Njótum komandi vetrar, kveðum Covid-19 í kútinn saman og það er ekki bannað að setja jólaljósin upp snemma til að létta lundina í skammdeginu.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



LAUGARVATN

fontana

Hölsulind í Lálandsmúri

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

Flokkunarhornið.



**Einnota hanskar og
andlitsgrímur flokkast með almennu
sorpi.**



LANDSTÓLPI 20
ára
—2000—2020—



**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Lyfja útibú Laugarási

OPNUNARTÍMI

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16

föstudaga: 10 - 13

Laugarás

Heilsugæslustöð



Laugarás, 801 Selfoss



432 2770

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA OG
HJÚKRUNARFRÆÐINGA Á HSU

ER 1700

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ

Í 112

Healthcenter Laugarási, tel: +354 432 2770.

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Enn herjar veirufaraldurinn á samfélag okkar og þjóð. Og enn mun því reyna á samstöðu okkar, þrautseigju og æðruleysi. Hefðbundið helgihald í kirkjunum okkar liggur niðri á meðan núverandi samkomutakmarkanir eru í gildi. Aðventusamkomur verða ekki haldnar þetta árið en við munum þó örugglega reyna að nýta okkur tæknina í því að senda aðventukveðju inn á heimilin. Skipulag á helgihaldi jólanna verður síðan sérstaklega skoðað í byrjun adventunnar. Við hljótum að vona að þá verði búið að rýmka verulega samkomutakmarkanir, miðað við það sem nú er, en óháð því þykir mér líklegt að í boði verði að fylgjast með jólamessunum í gegnum streymi eða upptökur á netinu. Nánar um það í næsta Fréttabréfi og Pésa.

Sem fyrr hvet ég okkur öll til að hlúa vel hvert að öðru og nota tæknina til að vera í samskiptum. Hægt er að ná í mig í síma 856-1572 og í gegnum netfangið hrunaprestur@gmail.com. Það verður mikill léttir þegar við náum að kveða niður þessa leiðu pest og getum á ný tekið upp eðlileg dagleg samskipti. Vonandi er ekki mjög langt í þann veruleika en þangað til er æðruleysisbænin, eins og oft áður, gott veganesti:

Guð gefðu mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli.

Með blessunaróskum.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

Hvatagreiðslur. Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Minum foreldra og forráðamenn barna á aldrinum 6 – 16 ára að skila inn umsóknum um hvatagreiðslur fyrir haustönn 2020 fyrir 1. desember .



Skemmdarverk unnin af „ljósleiðaramúsinni“.

Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Kæru Smárafélagar, á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að tilnefna tvo aðila úr stjórn til setu í nefnd sem á að fjalla um kosti og galla sameiningar hestamannafélaganna í uppsveitum Árnessýslu. Nefnd þessari er ætlað að kynna samantekt á vinnu nefndarinnar til stjórna félaganna sem svo mundu leggja það undir aðalfund 2021 til samþykktar. Aðalfundur Loga og Trausta samþykktu sambærilega tillögu sinna stjórna.

Fulltrúar Smára eru Helgi Kjartansson og Bragi Viðar Gunnarsson formaður Smára

Nú hefur þessi nefnd hafið vinnu við skrýtnar aðstæður. Þær aðstæður í þjóðfélaginu gera vinnu nefndarinnar ekki einfalda að því leyti að það er ekki hægt að kalla saman almennann félagsfund til að ræða sameiningarmál eins og okkur þætti auðvitað best, allavega ekki í bráð. Það er í því samhengi sem okkur í nefndinni langar til að nýta okkur mátt Facebook og annarra miðla eftir því sem við á, og leggja fyrir nokkur málefni sem við teljum að þurfi að ræða innan félagsins. Við reiknum með að leggja fyrir ykkur tvö til fjögur málefni á viku, fer eftir hvernig okkur gengur umræðan. Við áætluðum að ljúka þessari vinnu um miðjan nóvember eða svo.

Málefni sem okkur langar til að ræða með ykkur eru eftirfarandi:

Gamlar og nýjar hefðir.

Nefndir.

Vallarmál/ Keppnishald.

Reiðvegamál.

Æskulýðsmál.

Fræðslumál.

Reiðhöll.

Um leið og við hvetjum ykkur til opinna og gagnsamra umræðna þá hlökkum við til að sjá hvað ykkur finnst skipta mestu máli í þessu samhengi. Það skiptir öllu máli að málin séu rædd á þessu stigi. Ef ykkur dettur eitthvað sniðugt í hug og langar að koma því á framfæri þá endilega sendið okkur tölvupóst á skraning.smari@gmail.com. Einnig er velkomið að hringja í undirritaða.

Fyrir hönd sameiningarnefndar

Bragi Viðar Gunnarsson og Helgi Kjartansson



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Vetraropnun

Mánudaga: 12-17

Priðjudaga: Lokað

Miðvikudaga: 12-17

Fimmtudaga: 12-17

Föstudaga: 12-17

Laugardaga: 11-17

Sunnudaga: 12-17



<https://www.instagram.com/litlamelabudin/>



<https://www.facebook.com/litlamelabudin>

Í vetur höldum við áfram með næringu sem þema í Heilsueflandi samfélagi. Þennan mánuðinn leggjum við áherslu á heilkorn, enda hefur það ýmis jákvæð áhrif á heilsu okkar.

Heilkorn er mikilvægur hluti af hollu mataræði enda góð uppspretta B-vítamína, E-vítamíns, magnesíums og trefja sem eru nauðsynlegar fyrir heilbrigða meltingu. Neysla heilkornavara tengist minni líkum á sykursýki af tegund 2, hjarta- og æðasjúkdómum og þyngdaraukningu. Þá tengist neysla á trefjaríkjum mat úr jurtaríkinu minni líkum á krabbameini í ristli.

Hvernig má auka :

- Velja brauð eða aðrar matvörur úr heilkorni að minnsta kosti tvisvar á dag.
- Nota heilkorn í bakstur og grauta, t.d. rúg, bygg, heilhveiti, grófmalað spelt eða hafra.
- Nota bygg, hýðishrísgrjón og heilkornapasta sem meðlæti í stað fínunninna vara.
- Velja kornvörur sem eru merktar með Skráargatinu.



Heilkorn minnst tvisvar á dag



Spáð í bollann

Á þessum skritnu tímum er mikilvægt að huga vel að heilsu sinni og skorum við á fólk að vera meðvitað um hvað það setur í heilsubollan sinn (líkama okkar). Líkami okkar er eins og bolli sem við fyllum á og vonum að við höldum góðri heilsu. Það gæti verið einhverjar sprungur, misstórar, þar sem er leki sem hefur áhrif á okkar heilsu. Þessar sprungur geta verið vegna álags, andleg eða líkamleg, sem hefur neikvæð áhrif á heilsu okkar.

Þess vegna er mikilvægt að vera meðvituð um hvað við setjum í heilsubollan okkar og minnka það sem hefur neikvæð áhrif á heilsu okkar.

Hvað fer í heilsubollann þinn?



Látum það ganga!

Það er gott fyrir líkama og sál að fara út að ganga. Ekki bara fyrir líkamann heldur líka fyrir okkar andlegu líðan. Okkur líður betur og við fáum meiri orku og lífsgæði aukast. Ef gengið er í náttúrulegu umhverfi þá sýna rannsóknir að það hefur betri áhrif á líkama og sál heldur en að ganga á malbiki eða á göngubretti. Hugum að sóttvörnum en bjóðum öðrum með í göngutúr, hvort sem er vini, maka eða fjölskyldumeðlimum, t.d gæti hundurinn eða kötturinn verið mjög ánægður með stuttan göngutúr.

Skorum líka á aðra að gera hið sama og þannig höfum við jákvæð áhrif áhrif á samfélagið í kringum okkur.

Látum það ganga! 😊



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háhaiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is